

Auka aðalfundur foreldrafélags Mánalands 8.nóvember 2023

Mættir voru 6 foreldrar.

Fundur settur kl 18:30

1. Lís stjórnaði fundi og Þorbjörg skrifaði fundagerð.
2. Lagabreytingar, þrjár lagabreytingar voru samþykktar:

4gr. Stjórn félagsins skal skipuð 5 foreldrum/forráðamönnum barna leikskólans auk tveggja varamanna. Stjórnin skal skipuð formanni, ritara, gjaldkera og tveimur meðstjórnendum. Ritari gegnir janframt hlutverki varaformanns. Stjórnarmenn skipta með sér verkum á fyrsta stjórnarfund. Stjórn félagsins skal kosin á aðalfundi. Tveir stjórnarmenn geta gengið úr stjórn ár hvert.

6gr. Á aðalfundi skal kjósa áheyrnarfulltrúa foreldra og varamann í Fjölskyldu-, frístunda- og menningarráð, til eins árs í senn. Einnig skal kjósa tvo skoðunarmenn ársreikninga félagsins.

7gr. Boðað skal til aðalfundar skriflega með minnst viku fyrirvara. Hann skal haldinn ár hvert fyrir 15.október. Aðalfundur er löglegur ef löglega er til hans boðað. Í fundarboði skal efni fundarins kynnt auk lagabreytinga ef einhverjar eru. Einfaldur meirihluti ræður úrslitum í öllum málum.

3. Árgjald var ákveðið óbreytt, 2000 kr. á barn
4. Kosningar

Stjórn Þorbjörg Kristjánsdóttir, Lís Kaplon, Kristín Ómarsdóttir, Aleksandra Stec og Anna Mária Bus.

Varamenn – Kristína Hajniková og Natalia Zams.

Skoðunarmenn – Þorgerður Hlín Gísladóttir og Sveinn Poul Rasch

Áheyrnarfulltrúar – Elsa Líf Bjarnadóttir, vara- Bergný Ösp Sigurðardóttir

5. Önnur mál

- Rætt um jólagjafir til barnanna, stjórn falið að finna gjafir.
- Umræða um Facebook hópinn, þarf að bæta nýjum foreldrum þar inn.
- Lís stakk uppá að ath með skyndihjálparnámskeið fyrir foreldra.
- Umræða um tíma í íþróttahúsinu, ákveðið að ath við Ungmennafélagið Kötlu um að vera með tíma fyrir yngsta aldurshópinn
- Helstu verkefni foreldrafélagsins undanfarin ár hafa verið sumarhátíð, jólagjafir og piparkökumálun.

Fleira ekki rætt og fundi slitið 19:30